



20.03.2026

---

## Fundargerð svæðisráðs Vestfjarða

### 2. fundur – fjarfundur, 20. mars 2026 kl: 09:30

---

#### Mætt:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

#### Aðrir fulltrúar svæðisráðs:

Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) Strandabyggð, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) Vesturbyggð, Jóhann Birkir Helgason (JBH) Ísafjarðarbæ, Gerður B. Sveinsdóttir (GBS) Samband íslenskra sveitarfélaga, Katrín Pálsdóttir (KP) innviðaráðuneytið, Agnar Bragi Bragason (ABB) atvinnuvegaráðuneytið (mætti kl. 10:00) Magnús Guðmundsson (MG) umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

#### Frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun:

Ólafur Árnason (ÓÁ) og Borghildur Sölvey Sturludóttir (BSS) sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá er sem hér segir;

#### Dagskrá fundar:

1. Kynning á staðsetningu gagna strandsvæðisskipulags.
2. Kynning á málum sem komið hafa til umfjöllunar eftir staðfestingu strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2023-2026.
3. Umræður um stöðu og afgreiðslu mála.
4. Dagsetning næsta fundar svæðisráðs.

#### Umræða og umfjöllun:

1. **Kynning** á vefsvæði og nýjum stað þar sem að fundargerðir eru vistaðar. Skipulagsstofnun var lögð niður þann 4. mars 2026 og hefur Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun tekið við hlutverki hennar í svæðisráðinu.
2. **Kynning á málum sem komið hafa til umfjöllunar eftir staðfestingu strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2023-2026**  
**2023**
  - 4.500 tonna aukning á hámarkslífmassa og breytinga á eldissvæði Háafells í Ísafjarðardjúpi – Álit um matsáætlun gefin út 26. apríl 2024 – (umsögn)
  - Í vinnslu er (mál nr. 202505017) umsögn vegna umhverfismatsskýrslu
  - Stækkun eldissvæða Arnarlax og aukning lífmassa í Arnarfirði (álit um matsáætlun)

#### 2024

- Ofanflóða áhættumat og strandssvæðisskipulag – (minnisblað send með fundarboði)
- Lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn í Önundarfirði (umsögn send með fundarboði)
- Fyrirspurn Artic Fish vegna samræmis við strandssvæðisskipulag (samskipti)

#### 2025

- Eldissvæði í Ísafjarðardjúpi, Vegagerðin (samskipti)
- Samræmi 200 tonna leyfis í Önundarfirði við SSSK VEST (umsögn send með fundarboði /erindi)
- Ósk Sigurðar Hreinssonar um breytingu á strandssvæðisskipulagi Vestfjarða (samskipti)
- Umhverfisskýrsla fyrir 4.500 tonna aukningu hámarkslífmassa – Ísfjarðardjúp (í vinnslu)
- Stækkun eldissvæða Arnarlax og aukning lífmassa í Arnarfirði ( frumkvæðisumsögn send með fundarboði)

#### 2026

- Beiðni um umsögn vegna endurnýjunar rekstraleyfis Arnarlax ehf. í Arnarfirði (umsögn send með fundarboði)
- Ábending frá Ískalk vegna endurskoðunar strandssvæðisskipulags (samskipti)
- Byggingarleyfi fyrir Arnarfjörð

### 3. Almennar umræður

Eftir yfirferð á málum sem komið hafa á borð HMS, áður Skipulagsstofnunar voru almennar umræður.

- a. Athygli var vakin á þeim mörkum og mælingum sem vantar vegna nákvæmrar staðsetningar á stórstraumsfjörumörkum og frekari rannsóknum á þeim. Fram kom að mörk strandssvæðisskipulags eru sett fram í mælikvarðanum 1:100 000 og skal túlka allar afmarkanir með tilliti til þess mælikvarða, þar á meðal stjórnsýslumörk netlaga á uppdrætti. Fyrirvari er settur um þetta í gildandi strandssvæðisskipulagi. Þar sem tilefni er til, vegna einstakra mála hafa mörk stórstraumsfjöru verið greind með nákvæmari hætti.

Umræða var um afmörkun svæða strandssvæðisskipulags í kortasjá með hliðsjón af hnitum fyrirbyggjandi leyfa. HMS heldur úti kortasjá strandssvæðisskipulags þar sem finna má fyrirbyggjandi leyfi en hnitsett mörk þeirra liggja ekki fyrir á landfræðilegan hátt í kortavefsjánni heldur eru hnit leyfa að finna í útgefnum skjölum hvers leyfis. Fram kom í umræðum að gera þurfi átak í að hnitsetja fyrirbyggjandi leyfi og skerpa á kröfum reglugerða um að birta þurfi leyfi með hnitum svo betur megi átta sig á staðsetningu þeirra með hliðsjón af nýtingarreitum strandssvæðisskipulags.

Til máls tóku auk formanns, Jóhann Birkir, Magnús og Ólafur.

- b. Rætt var um stöðu á endurnýjun starfsleyfis fyrir svæði Arnarlax í Arnarfirði. Farið var yfir fyrirbyggjandi umsögn HMS um samræmi svæðis við strandssvæðisskipulag. Ábendingar komu frá fulltrúum svæðisráðs um meðferð málsins á fyrri stigum við samþykkt strandssvæðisskipulags Vestfjarða og umsagnir fjarSKIPTA- og

orkuflutningsfyrirtækja sem reka strengi á svæðinu. Til máls tóku auk formanns, Gerður, Þórkátla, Jóhann Birkir, Hafdís og Ólafur.

**Niðurstaða:** Svæðisráð óskar eftir því að HMS taki saman alla þætti þessa máls, umsagnir Mílu og vinnu fyrri svæðisráðs við gerð strandsvæðisskipulagsins og leggi fyrir á næsta fund. Formanni svæðisráðs var falið að eiga samráðsfund með Mílu vegna málsins.

- c. Rætt var um umsögn HMS (þá Skipulagsstofnunar) vegna lífmassaaukningar í Arnarfirði sem sent var til Arnarlax, dags. 3. júní 2025. Farið var yfir umsögn HMS um samræmi aukningarinnar við strandsvæðisskipulag. Niðurstaða HMS er sú að stækkun svæðanna yfir á svæði sem skilgreind eru til almennrar nýtingar, undir samgöngur og lagnir og inn á verndarsvæði sé ekki í samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag.

Umræða var um ferli breytingar á strandsvæðisskipulagi og um stöðu mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í því samhengi var umræða um umfjöllun um vatnshlot og kröfur til mats á áhrifum framkvæmda á vatnshlot. Fram kom að nýlega hefur ESA sent íslenskum stjórnvöldum erindi, þar sem að óskað er eftir ítarlegum greiningum á þeim leyfum sem nú þegar sé búið að gefa út með tilliti til krafna vatnatilskipunar Evrópu og innleiðingar hennar í íslenskan lagaramma. Einnig var umræða um stöðu rekstrarleyfa almennt á svæðinu og gildistíma þeirra.

Til máls tóku auk formanns, Magnús og Ólafur.

**Niðurstaða:** Formaður svæðisráðs óskaði eftir því að tekið væri saman yfirlit um leyfi í gildi á svæðinu og gildistíma þeirra fyrir næsta fund.

- d. Erindi Sigurðar Hreinssonar til svæðisráðs með ósk um breytingu á Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og ábendingar Ískalks ehf. vegna afmörkunar reita undir sérstaka nýtingu var rædd.

Til máls tóku auk formanns, Þórkátla og Ólafur.

**Niðurstaða:** Svæðisráð óskar eftir samantekt á samskiptum HMS í tengslum við erindi Sigurðar Hreinssonar og skoði betur ábendingar Ískalk - til umræðu á næsta fundi svæðisráðs.

#### 4. Næstu fundur svæðisráðs

Næsti fundur svæðisráðs verður 17. apríl frá 9:30 til 11:00

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar. Fleira ekki rætt, fundi var slitið 11:30